

**Beiðni um smölun ágangsfjár úr heimlandi í samræmi við 33.
gr. laga nr. 6/1986 og álit Umboðsmanns alþingis í máli nr.
11167/2021, dagsett 11. október 2022**

Til sveitarstjórnar Fjordabyggðar

Í IV. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 segir í 1. mgr. 33. gr:

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber-hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.

Í álíti Umboðsmanns alþingis dagsett 11. október (mál nr. 11167/2021) segir m.a:

Ákvæði IV. kafla laga nr. 6/1985 fjalla í heild sinni um þau úrræði sem umráðamanni lands eru tiltæk i krafti eignarréttar við þær aðstæður að hann verður fyrir ágangi búfjár. Eru þau í samræmi við stjórnarskrárverndaða friðhelgi eignarréttarins og styðjast þar að auki við þá aldagömlu grunnreglu að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land.

Með tilvisun til ofangreindra laga og álíts umboðsmanns, óskar undirritaður umráðamaður jarðarinnar ÓSEYRI STÖÐVARFPIRÐI að sveitastjórn ákveði þegar að láta smala ágangsfé sem hefur nú ratað í mitt heimaland og skili því eitthvert þar sem það má vera.

Þar sem um leyfislausa og ólöglega hagnýtingu annarra á landareign minni er að ræða er óskað eftir að smölun fari fram hið allra fyrsta, þannig að fjárhagslegt tjón mitt vegna hins ólöglega ágangs verði lágmarkað.

Undirritaður/uð áskilur sér rétt til að krefja eigendur ágangsins um fullar bætur vegna tjóns af hans völdum. Ef óásættanleg seinkun verður á smölun ágangsfjárins af hálfu sveitarfélagsins áskilur undirritaður sér rétt til að krefja það um bætur vegna tjóns af hennar völdum.

Staður: Egilssstaðir Dagsetning: 11.06.2023

Virðingarfyllst,

Jón Guðjónasson
Hreina Þórssdóttir